



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um húsnæðisbætur, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 565 – 407. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um húsnæðisbætur. Með frumvarpinu er lagt til að í stað núgildandi húsaleigubótakerfis komi nýtt húsnæðisbótakerfi með auknum stuðningi við efnaminnna fólk.

Heilt á litið telur MRSÍ að vandað hafi verið til verks við gerð frumvarpsins og að stigin hafi verið skref í rétta átt til að jafna rétt leigutaka og húseigenda- en hvatt er til þess að nægilega verði komið til móts við þá sem allra mest þurfa á að halda – þá efnaminnstu og tekjulægstu í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir að t.d. tekjulágir einstæðir foreldrar hafi fengið hærri húsaleigubætur en aðrir í núverandi kerfi hafa þær þó ekki nægt til þess að koma í veg fyrir að allt of stórt hlutfall launa þeirra sem og annarra hinna efnaminnstu og tekjulægstu fari í húsaleigu. Tryggja verður að hið nýja húsnæðisbótakerfi skili raunverulegri kjarabót fyrir alla leigjendur og ekki síst fyrir framangreindan hóp.

MRSÍ bendir enn fremur á að talsvert er um að innflytjendur búi í húsnæði sem skráð er sem atvinnuhúsnæði en hefur verið innréttað eða breytt í íbúðarhúsnæði. Stór hluti þeirra vinnur láglounastörf og hefur ekki efni á, og oft jafnvel ekki aðgang að öðru húsnæði. Samkvæmt frumvarpinu verður þeim sem búa í atvinnuhúsnæði ekki mögulegt að fá húsnæðisbætur og óttast MRSÍ að ákvæði þetta muni einkum koma niður á tekjulágum innflytjendum.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri